

Föstudaginn 17. febrúar 1961.

Nr. 110/1960. **Ákærvaldið** (Gunnar A. Pálsson hrl.)

gegn

**Hafsteini Jóhannssyni**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Theodór B. Lindal prófessor.

Ákæra um brot gegn 4. mgr. 220. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og lögreglusamþykkt.

### Dómur Hæstaréttar.

Valgarður Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir að dómur var kveðinn upp í héraði, hafa farið fram framhaldspróf í málinu.

#### A.

##### I. ákæruatriði.

Samkvæmt kæru til lögreglustjórans á Akranesi og prófum málsins er talið, að ílátið með svonefndum Leó-töflum hafi horfið úr vörugeymsluhúsi Haralds Böðvarssonar & Co. á Akranesi einhvern tíma í næstu viku á undan 3. marz 1958. Í framhaldsprófum málsins hefur komið fram, að ákærði var skráður skipverji á b/v Akurey, sem var í veiðiför án viðkomu á Akranesi frá 21. febrúar 1958 til 10. marz s. á. Samkvæmt þessu og eins og aðgangi að vörugeymslunni og herbergi ákærða var háttað, þykja ekki sönnur færðar að sök ákærða, að því er þenna ákærulið varðar, og ber því að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

##### II. ákæruatriði.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er sannað, að ákærði er sekur um innbrot það og töku á þremur pökkum af dynamiti, sem þar greinir.

### III. ákæruatriði.

Ákærði hefur kannast við, að hann hafi varpað sprengjum á ýmsum stöðum í Akraneskaupstað á gamlárskvöld 1957 og 1958 og aðfangadag jóla 1958, en sprengjur þessar hafði hann gert sjálfur í heimildarleysi. Kveður hann dynamit hafa verið í sumum sprengjunum.

Eftir gögnum málsins þykir ekki nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um misferli með skotvopn, og ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar.

Þegar til þess er litið, hve hættulegt efni það var, er ákærði hefur gerzt sekur um stuld á samkvæmt II. ákæru-lið, sbr. lög nr. 69/1936, svo og þess, hver aðferð var höfð við þjófnaðinn, þá þykir bera að heimfæra þetta brot hans til 2. málsgr. 244. gr. laga nr. 19/1940. Brot þau, er ákærði hefur gerzt sekur um samkvæmt III. ákæruatriði, hefur héraðsdómari fært til rétttra refsíákvæða.

Eins og gert er í héraðsdómi, ber að dæma refsingu í einu lagi fyrir framangreind brot ákærða og brot þau, er honum var dæmd skilorðsbundin refsing fyrir með dómi 21. febrúar 1955. Þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabótakröfu og málskostnað.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00 til hvors.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hafsteinn Jóhannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars A. Pálssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 5000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

## Dómur sakadóms Akraness 7. apríl 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. marz s.l., er með ákæru-skjali dómsmálaráðherra, út gefnu 8. maí 1959, höfðað gegn Hafsteini Jóhannssyni sjómanni, Krókatúni 14, Akranesi, fyrir að hafa:

I. Í febrúarlök eða marzbyrjun 1958 stolið þremur dunkum, innihaldandi svokallaðar Leó-opal töflur, úr læstri vörugeymslu hjá Haraldj Böðvarssyni & Co, Akranesi.

II. Skömmu fyrir jól 1958 brotízt inn í sprengiefnageymslu á Hólabrú og stolið þar þremur pökkum af dynamiti.

III. 1. Á gamlárskvöld 1957 varpað heimatilbúnum sprengjum og „kínverjum“ hingað og þangað um bæinn á Akranesi, m. a. á Merkurtún, Skuldartorg og hjá Bíóhöllinni.

2. Þann 24. desember 1958 framkvæmt sprengingu í fjörunni við Dráttarbraut Akraness og á gamlárskvöld 1958 og nýjársoótt kastað nokkrum heimagerðum sprengjum á Akranesi, m. a. við götuna Stillholt, hjá Fiskiveri, í Steinsvör og við vélsmiðjuna Loga með þeim afleiðingum, að nokkrar rúður brotnuðu í húsum.

3. Nokkrum sinnum skotið af byssu út um glugga heima hjá sér í Krókatúni og af lóðinni við húsið, m. a. einhvern tíma vors 1958 og 16. október s.l.

Brot þau, sem í nr. I og II að framan greinir, þykja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og brot þau, er í nr. III (1, 2 og 3) eru rakin, þykja varða við 4. mgr. 220. gr. fyrrgreindra laga og 1., 3. og 6. sbr. 70. gr. lögreglusamþykktar Akraness nr. 81/1945.

Þess er krafízt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, til greiðslu skaðabóta svo og alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur á Akranesi 15. desember 1935, hefur áður sætt þessum kærnum og refsingum:

Á Akranesi:

- 1951 2/8 Samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins skal hann háður eftirliti barnaverndarnefndar til 18 ára aldurs.
- 1952 28/11 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 3. og 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. lög nr. 69/1936.
- 1955 21/2 Dómur: Fangelsi í 3 mánuði, skilorðsbundið í 5 ár. Greiði 5.000.00 króna skaðabætur, fyrir brot á 106. og 220. gr. hegningarlaganna og 1., 3. og 6. gr. lög-reglusamþykktar Akraness.

Málavextir eru þessir:

## I.

Á gamlárskvöld 1957 var allmikið um sprengingar á götum úti á Akranesi, og upplýstist af framburði vitna og eigin játningu ákærða sjálf, að ákærði hafði búið til sprengjur eða „kínverja“ heima hjá sér, sem hann síðan sprengdi víðsvegar um bæinn áðurgreint gamlárskvöld, meðal annars á Skuldartorgi, á Merkurtúni og hjá Bíóhöllinni. Þóttu sprengingar þessar óvenju kraftmiklar.

## II.

Mánudaginn 3. marz 1958 tilkynnti Ingólfur Jónsson, verzlunarstjóri hjá Haraldri Böðvarssyni & Co, til lögreglunnar, að þá alveg nýlega hefði verið framið innbrot í eina af vörugeymslum nefnds fyrirtækis og stolið þaðan þremur dunkum af Leo-töflum. Vóg hver dunkur 27.5 kg.

Við athugun kom í ljós, að innbrotið hafði verið framið með þeim hætti, að spennt hafði verið upp smálúga á bakhlið vöruskemmunnar og farið þar inn og síðan sömu leið út aftur með þýfið. Leið nú nokkur tími svo, að ekki tókst að upplýsa, hver framið hefði umrætt innbrot, en hinn 23. júní 1958 komst lögreglan á snoðir um, að lítill drengur, Þorgeir Jóhannsson, Krókátúni 14 hér í bænum, hafði í fórum sínum óeðlilega mikið magn af umræddum Leo-töflum og gaf leikfélögum sínum óspart af þeim. Er drengurinn var spurður um það, hvar hann hefði fengið töflurnar, sem ekki var vitað til, að fengjust þá í verzlunum hér í bænum, kvað hann Hafstein bróður sinn, þ. e. ákærða, eiga mikið af þeim heima.

Við leit, sem gerð var samkvæmt dómsúrskurði á heimili ákærða 26. júní 1958, fannst einn hálffullur dunkur af Leo-töflum í sængurfatakassa í herbergi hans. Var þá ákærði farinn sem skipverji á m/b Sveini Guðmundssyni á síldarvertíð fyrir Norðurlandi, og var bæjarfógetinn á Siglufirði beðinn að annast um, að leit yrði gerð, en sú leit bar ekki árangur.

Við rannsókn máls þessa viðurkenndi ákærði ekki, að hann hefði framið umræddan innbrotspjófnað, og ekki kvaðst hann heldur vita, hver það hefði gert.

Gunnar Brynjar Bergþórsson, Skólabraut 31 hér í bænum, sem yfirheyrður var út af innbrotspjófnaðinum vegna náins kunningsskapar við ákærða, kvaðst ekki heldur geta upplýst neitt um það, hver verknaðinn hefði framið.

Móðir ákærða, Guðrún Magnúsdóttir, kvað það vera algengt, að ýmsir strákar, kunnugir og lítt kunnugir ákærða, gengju um herbergi hans, án þess þó að hún gæti nafngreint nokkra sérstaka, sem líklegir væru til að hafa gert það.

Enda þótt ekki liggi fyrir játning ákærða sjálfs um að hafa framið innbrotspjófnað þenna né heldur upplýsingar vitna um það, þykir sú staðreynd, að sams konar dunkur og þeir, er hurfu úr vörugemyслу Haralds Böðvarssonar & Co., fannst falinn í herbergi ákærða, hálffullur af sams konar töflum og þeim, er stolið var, vera nægileg sönnun þess, að ákærði hafi að minnsta kosti átt hlut að umræddum innbrotspjófnaði. Þykja eftirgreindar stoðir renna undir sönnunargildi þessarar staðreyndar:

1) Að bróðir ákærða, Þorgeir, sem að vísu var þá ekki nema 5—6 ára gamall, lét þau orð falla, svo sem áður er tekið fram, að Hafsteinn bróðir sinn ætti mikið af þessum töflum heima, er hann var spurður um, hvar hann hefði fengið þær.

2) Að ákærði aðeins neitar að vera valdur að umræddum þjófnaði, en sýnir enga viðleitni í þá átt að upplýsa, hverjir líklegastir væru til þess að nota herbergi hans sem felustað fyrir stolna hluti.

3) Að dunkurinn með Leo-töflunum er falinn í herbergi ákærða. Verður ekki séð, að dunkinn hefði þurft að fela, ef hann hefði verið löglega fenginn. Og hefðu aðrir framið þjófnaðinn og vilj-að reyna að koma grun um það yfir á ákærða, væru og litlar líkur til, að þeir hefðu farið að fela dunkinn í herbergi hans.

### III.

Stuttu fyrir jól 1958 fór ákærði með þeim Brynjari Bergþórs-syni, Skólabraut 31, og Ásgrími Þór Guðmundssyni, Kirkjubraut 21, hér í bænum, inn að svonefndri Hólabrú í Innri-Akranes-hreppi í bifreiðinni X 352, sem nefndur Ásgrímur átti og ók sjálfur.

Brutu þeir upp hengilás á geymsluskúr, sem þar er, og tók ákærði þar ófrjálsri hendi 3 pakka af dynamiti og hafði heim með sér.

Þykir framangreint atferli fullsannað með eigin játningu ákærða sjálfs og framburði vitnanna Ásgríms Þórs Guðmunds-sonar og Gunnars Brynjars Bergþórs-sonar.

### IV.

Miðvikudaginn 24. desember 1958 kærði Árni Runólfsson,

Fjólugrund 9 hér í bænum, til lögreglunnar það athæfi, að þá um morguninn hefði verið framin hrikaleg sprenging í fjörunni við Dráttarbraut Akraness, og hefði hann séð ákærða koma upp úr fjörunni ásamt með Garðari Kjartanssyni.

Undir rannsókn málsins viðurkenndi ákærði þegar, að hann hefði sprengt þarna heimagerða sprengju umræddan morgun.

Þá er upplýst með framburði vitnanna Ásgríms Þórs Guðmundssonar og Garðars Kjartanssonar, að ákærði sprengdi á gamlárskvöld 1958 og nýjárónótt heimagerðar sprengjur hér í bænum, m. a. við götuna Stillholt, hjá Fiskiveri, í Steinsvör, fram undan fiskiðjuveri Haralds Böðvarssonar & Co og í fjörunni fram undan vélsmiðjunni „Loga“ með þeim afleiðingum, að nokkrar rúður brotnuðu í húsum.

Hefur ákærði sjálfur ekki beinlínis viðurkennt að hafa gert þetta, en ekkj heldur borið á móti því.

## V.

Hinn 16. október 1958 kærði Stefán Bjarnason lögregluþjónn, Krókatúni 12, hér í bænum, ákærða fyrir að hafa þá um daginn skotið úr hermanna-rifflum af lóðinni heima hjá sér að Krókatúni 14 og út á sjóinn (Krókalón). Kveður kærandi ákærða hafa gert þetta oft áður og jafnvel leikið sér að því að skjóta út um glugga á efri hæð áðurnefnds húss heima hjá sér að Krókatúni 14.

Er kærandi mætti við rannsókn málsins sem vitni, kvaðst hann að vísu ekki hafa séð ákærða sjálfan, er skotið var af lóðinni við Krókatún 14 hinn 16. október 1958, né heldur, er skotið hefur verið þar út um glugga, en hann kveðst í nokkur önnur skipti hafa séð ákærða skjóta úr rifflum á lóðinni heima hjá sér, enda hafi hann góða aðstöðu til að fylgjast með þessu, þar sem hann bý í næsta húsi við ákærða.

Vitnið Gunnar Brynjar Bergþórsson, kveðst hafa verið viðstatt eitt sinn, er ákærði, Hafsteinn Jóhannsson, skaut úr hermanna-rifflum út um eldhúsgluggann heima hjá sér á tunnur úti á Krókalóni. Enn fremur kveðst vitnið oftast en einu sinni hafa horft á ákærða skjóta úr hermanna-rifflum á lóðinni heima hjá sér að Krókatúni 14, en man ekkj nákvæmlega, hvenær það var.

Bæði framangreind vitni, Stefán Bjarnason og Gunnar Brynjar Bergþórsson, hafa heitfest framburði sinn.

Ákærði sjálfur hefur reynzt óákveðinn í framburði sínum um þetta atriði ákærunnar. Fyrst í stað játaði hann hvorki né neitaði

sakargift þessari, en síðan mótmælti hann því að hafa skotið úr riffli út um glugga heima hjá sér, en tjáði sig ekki um hitt, hvort hann hefði skotið úr byssu af lóðinni heima hjá sér.

Með heitfestum framburði vitnanna Stefáns Bjarnasonar lög-  
regluþjóns og Gunnars Brynjars Bergþórssonar þykir nægilega  
sannað, að ákærði hafi framið umrætt atferli.

## VI.

Ákærði hefur samkvæmt því, sem að framan er rakið, gerzt  
sekur um allt það atferli, sem hann er saksóttur fyrir.

Varðar það atferli hans, sem greint er frá í I., IV. og V. hér að  
framan, við 1., 3., og 6. gr. sbr. 70. gr. lögreglusamþykktar fyrir  
Akraneskaupstað nr. 81/1945. Ekkj hefur rannsókn málsins leitt  
í ljós eða sannanir fengizt fyrir því, að ákærði hafi með umræddu  
atferli sínu stofnað lífi eða heilsu annarra í „augljósan háska“. Verður hann því ekki sóttur til saka fyrir brot á 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem ætlazt er til í ákæru-  
skjali, og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot á nefndu  
hegningarlagaákvæði.

Það atferli ákærða, sem frá er greint í II. og III. hér að framan,  
varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með því að ákærði hefur rofið skilorð samkvæmt dómi frá 21.  
febrúar 1955, ber samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr.  
19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22 3. maí 1955, að dæma bæði málin  
nú í einu lagi.

Með hliðsjón af framanrituðu svo og 72. gr. og 77. gr. almennra  
hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin  
fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði hefur unnið til sviptingar kosningarréttar og kjörgengis  
til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3.  
mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Halldór Jónsson, Melteig 9 hér í bænum, hefur gert skaðabóta-  
kröfu í máli þessu, kr. 100.00, fyrir rúðubrot í húsi hans af völd-  
um sprengingar á gamlárskvöld 1957 á Merkurtúni.

Með því að ekki liggja fyrir sannanir um, að ákærði hafi með  
atferli sínu valdið umræddu rúðubroti, þar sem upplýst er, að  
fleiri sprengdu heimagerðar sprengjur umrætt gamlárskvöld í  
bænum, verður hann ekkj dæmdur til að greiða framangreindar  
skaðabætur til Halldórs Jónssonar í máli þessu.

Aðrar skaðabótakröfur hafa ekkj verið gerðar í máli þessu.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með

talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Dómarinn lætur þess getið, að uppkvaðning dóms þessa hefur dregið nokkuð vegna fjarveru ákærða og mikilla embættisanna dómarans.

#### Dómsorð:

Ákærði, Hafsteinn Jóhannsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1961.

Nr. 222/1960. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

**Þorsteini Skúlasyni**

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

#### Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

**Afengislagabrot.**

#### Dómur Hæstaréttar.

Laugardaginn 26. marz 1960, kl. um 2300, voru lögreglumennirnir Jóhannes Björgvinsson varðstjóri og Magnús Einarsson lögregluþjónn við eftirlit í eftirlitsbifreiðinni R 6947 og voru staddir við bifreiðastöð Hreyfils við Hlemmtorg.

Veittu þeir þá athygli leigubifreiðinni R 3031, sem ákærði var bifreiðarstjóri á, og þótti akstur hennar ógætilegur. Veittu lögreglumennirnir ákærða eftirför um nokkrar götur bæjarins, og um leið og ákærði stöðvaði bifreið sína á